

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagsbreyting Austurbyggðar (Dísastaðarland), Selfossi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 20. nóvember 2019 breytingu á deiliskipulagi Austurbyggðar (Dísastaðarlandi), Selfossi.

Deiliskipulagsbreytingin nær til allra lóða við Engjaland sem eru vestan við Austurhóla og norðan við Akraland, og nær til eftirfarandi: Leikskólalóðin við Engjaland 21 er færð nær fyrirhuguðu leiksvæði við Grundarland til að koma í veg fyrir skuggavarþ frá fyrirhuguðum fjölbýlishúsum og er stækkuð um 892 m². Parhúsalóðinni við Engjaland 1-3 er breytt í raðhúsalóð og verður Engjaland 1-5. Parhúsalóðinni við Engjaland 5-7 verður breytt í raðhúsalóð og verður Engjaland 7-11. Raðhúsalóðin við Engjaland 9-15 verður óbreytt en verður Engjaland 13-19. Fjölbýlishúsalóðum fjölga úr 4 í 8 og eru við Engjaland 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14 og 16. Við þessa breytingu fjölga íbúðum við Engjaland úr 152 í 220, einnig breytist aðkoma að öllum fjölbýlishúsalóðunum. Að öðru leyti gilda eldri skipulagsskilmálar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv 42. gr. og 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Selfossi, 22. janúar 2020.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 6. febrúar 2020